

EFTIRLITSSKÝRSLA sérstakt eftirlit

Dags. eftirlits: 1/2 2018

Nafn fyrirtækis: Landsvirkjun

Fjöldi klst: 6

Tengiliður fyrirtækis: Einar Erlingsson

Framkvæmdasvæði: Búrfellsvirkjun II

Ábyrgðarmaður eftirlits (UST): Björn Stefánsson

Tilgangur eftirlits: Frágangur efnistöku- og vinnusvæða.

Ábendingar:


Grjótnáma í Sámsstaðakleif. Þarna ætti frágangur að taka mið af þeim árangri sem unnt er að ná, annars vegar úr nálægð, þ.e. að ofan og úr fjarlægð, þ.e. frá núverandi athafnasvæði. Væntanlega er ekki nægjanlegt efni til að ganga frá námunni þannig að hún falli vel að umhverfi úr nálægð auk þess sem nothæfir efnishaugar eru í námunni sem ekki ætti að spilla. Því ætti að leggja áherslu á að daraga úr sýnileika námunnar úr fjarlægð, með því að tryggja að klettur við frambrún námunnar haldist heilir og jafnframt ætti að fjarlægja ruðninga milli klettanna með það í huga að ganga frá þeim hluta efri brúnar sem gæti orðið sýnileg á mjög litlum kafla. Láta ætti efnishauga í námunni óhreyfða ef þeir eru ekki sýnilegir neðan frá, en brjóta þá annars niður. Koma ætti ofanafýtingu inn í námuna og færa að jöðrum námunnar sem og frákasti í námunni. Við efri jaðar námunnar ætti að brjóta niður kant sem myndast hefur við ofanafýtingu og fláa niður að stáli. Draga ætti námuveg saman í um 4 m og þynna, þó ekki þannig að burður minnki verulega. Afmá för eftir vinnuvélar við jaðra námunnar.

Haugsvæði við Inntak. Þarna ætti að reyna að fjarlægja grófasta efnið við frambrún haugsins því þetta efni dregur athygli að hrúni úr frambrún haugsins. Einnig ætti að reyna að hafa efni í frambrún haugsins sem líkasta landi framan við hann bæði að lit og stærð.

Frávik: Engin.

Niðurstaða eftirlits: Frágangur á námum og haugsvæðum ekki hafinn. Umgengni góð.

Björn Stefánsson



f.h. Umhverfisstofnunar